

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1973**2018/EES/85/06**

frá 30. október 2017

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar opinbert eftirlit með lagarafurðum sem eru veiddar af skipum sem sigla undir fána aðildarríkis og fluttar inn í Sambandið, eftir að hafa verið fluttar til í þriðju löndum, og um að koma á fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir þessar afurðir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽¹⁾, einkum annarri málsgrein 9. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manndis ⁽²⁾, einkum annarri málsgrein 16. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að tryggja heilbrigði manna og dýra er litið svo á að afurðir frá Sambandinu, sem eru fluttar gegnum þriðju lönd, með eða án geymslu, uppfylli ekki lengur þær kröfur sem gilda um þessar afurðir og mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins. Af þessum sökum er í tilskipun ráðsins 97/78/EB ⁽³⁾ kveðið á um að aðildarríkin skuli tryggja að heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum fari fram með sendingum af þessum afurðum sem eru fluttar inn í Sambandið frá þriðju löndum.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu er gildi fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja, þ.m.t. reglur um lagarafurðir. Að auki er í reglugerð (EB) nr. 854/2004 mælt fyrir um reglur um opinbert eftirlit sem á að fara fram með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manndis. Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er kveðið á um að skjal, sem uppfyllir tiltekna kröfur, eigi að fylgja sendingum af afurðum úr dýraríkinu þegar þær koma inn í Sambandið og að opinbert eftirlit með þessum afurðum eigi að fara fram í samræmi við þá reglugerð.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 ⁽⁴⁾ eru fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum og skjölum vegna innflutnings á tilteknum afurðum úr dýraríkinu, að því er varðar reglugerðir (EB) nr. 853/2004 og 854/2004, þ.m.t. er ein vegna innflutnings á lagarafurðum í VI. viðauka við reglugerðina.
- 4) Aðildarríkin og samtök hagsmunaaðila hafa farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún komi á fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir sendingar af lagarafurðum, sem eru ætlaðar til manndis, sem eru veiddar af skipum sem sigla undir fána aðildarríkis og fluttar til í þriðju löndum, með eða án geymslu, sem lögbært yfirvald í þriðja landinu á að undirrita, til að samræma þær upplýsingar sem á að veita þegar slíkar sendingar koma inn á yfirráðasvæði Sambandsins.
- 5) Í fyrirmyndinni að heilbrigðisvottorðinu ætti einkum að vísa til viðeigandi ákvæða, sem varða löndun, uppskipun og geymslu lagarafurða, sem mælt er fyrir um í II. og VII. kafla VIII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 281, 31.10.2017, bls. 21. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum (Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9).

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 frá 5. desember 2005 um framkvæmdar-ráðstafanir, er varða tiltekna afurðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og er varða skipulag opinbers eftirlits samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, um undanþágu frá reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 (Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 27).

- 6) Fyrirmyndin að heilbrigðisvottorðinu ætti einnig að vera samrýmanleg til notkunar í Traces-kerfinu ⁽¹⁾ sem er notað til að skiptast á heilbrigðisvottorðum milli þriðju landa og aðildarríkjanna.
- 7) Því er rétt að koma á samræmdri fyrirmynd að heilbrigðisvottorði sem lögbært yfirvald í þriðja landinu, sem lagarafurðirnar eru fluttar gegnum, á að undirrita áður en þær eru sendar til Sambandsins.
- 8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 2074/2005 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2074/2005 er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi 6. gr. c bætist við:

„6. gr. c

Kröfur sem varða opinbert eftirlit með lagarafurðum sem eru veiddar af skipum, sem sigla undir fána aðildarríkis, og fluttar inn í Sambandið, eftir að hafa verið fluttar til í þriðju löndum, með eða án geymslu

1. Lagarafurðum, sem eru ætlaðar til manneldis, sem eru veiddar af skipum sem sigla undir fána aðildarríkis og skipað upp, með eða án geymslu, í þriðju löndum áður en þær koma inn í Sambandið í annars konar farartæki, verður að fylgja heilbrigðisvottorð sem lögbært yfirvald í viðkomandi þriðja landi gefur út og er fyllt út í samræmi við fyrirmyndina að heilbrigðisvottorðinu sem sett er fram í VIII. viðbæti við VI. viðauka.

2. Þriðja landið, þar sem flutningurinn á sér stað, verður að vera skráð eins og kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004.

3. Ef lagarafurðum, sem um getur í 1. mgr., er skipað upp og þær fluttar í geymsluaðstöðu, sem er staðsett í þriðja landinu sem um getur í þeirri málsgrein, skal viðkomandi geymsluaðstaða tilgreind í skrá eins og kveðið er á um í 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004.

4. Ef lagarafurðirnar, sem um getur í 1. mgr., eru settar í skip sem siglir undir fána þriðja lands verður viðkomandi þriðja land að vera skráð, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004, og skipið verður að vera tilgreint í skrá eins og kveðið er á um í 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004.

Gámaskip, sem eru notuð til að flytja lagarafurðir í gámum, eru undanþegin þessari kröfu.“

- b) Ákvæðum VI. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2018.

⁽¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB (Stjttð. ESB L 94, 31.3.2004, bls. 63).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. október 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
